

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsinu
101 Reykjavík
Afrit: Ríkissáttasemjari

20. janúar 2020

Efni: Breytt tilhögun viðræðna Eflingar við Reykjavíkurborg

Fyrir hönd samninganefndar Eflingar - stéttarfélags gagnvart Reykjavíkurborg tilkynni ég hér með að nefndin mun ekki eiga frekari fundi eða viðræður við samninganefnd Reykjavíkurborgar vegna endurnýjunar kjarasamnings Eflingar við Reykjavíkurborg sem rann út 31. mars 2019, að undanskildum þeim fundum sem Ríkissáttasemjari kann að krefjast skv. 35. gr. laga nr. 80/1938.

Ástæður þessa eru að samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur með því að greina opinberlega frá efni samningafundar sem haldinn var 16. janúar sl. hjá Ríkissáttasemjara gerst brotleg við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. laganna er málsaðilum á samningafundum Ríkissáttasemjara bannað að „skýra frá eða leiða vitni um tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila“. Samninganefnd Reykjavíkurborgar veitti blaðamanni í heimildarleysi upplýsingar um tilboð sem samninganefnd Eflingar lagði fram á umræddum fundi, svo sem ljóst er af fréttatflutningi Ríkisútvarpsins dags. 17. janúar sl.

Brot á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur varða sektum og skaðabótum.

Ég hef í tvígang ritað þér erindi vegna framöngu samninganefndar Reykjavíkurborgar í yfirstandandi viðræðum (sjá erindi dags. 21. júní og 10. október 2019), sem eru til vitnis um þau vinnubrögð sem hún hefur viðhaft. Auk þess að gerast nú brotleg við lög hefur samninganefnd Reykjavíkurborgar endanlega staðfest lítilsvirðandi viðhorf sitt til félagsmanna Eflingar, til aðstæðna þeirra og til kjarasamningsgerðar við þá.

Í ljósi þess að trúnaðarviðræður á vettvangi Ríkissáttasemjara hafa verið fótum troðnar af samninganefnd borgarinnar tel ég réttmætt og skynsamlegt að samningaviðræður Eflingar við Reykjavíkurborg fari eftirleiðis fram fyrir opnum tjöldum og með beinni aðkomu þinni, enda ert þú æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Ég og samninganefnd Eflingar krefjumst þess að þú axlir fulla pólitíkska ábyrgð á framgöngu samninganefndar borgarinnar, á þeirri stöðu sem upp er komin í viðræðum vegna þeirra, sem og á því brýna verkefni að kjaramál félagsmanna Eflingar hjá borginni verði leyst með boðlegum hætti.

Á miðvikudaginn 22. janúar næstkomandi mun ég ásamt samninganefnd Eflingar efna til opins fundar þar sem við munum kynna fyrir þér, fjölmíðum og almenningi tilboð okkar til borgarinnar um sanngjarnan og farsælan kjarasamning sem gildi til-loka árs 2022. Í því tilboði er fallist á sömu taxtahækkanir og samið var um á almennum vinnumarkaði í apríl síðastliðnum, auk þess sem krafist er nauðsynlegra og tímabærra ráðstafana til að leiðréttu láglauastefnu borgarinnar sem þú hefur árum saman látið viðgangast óáreitta þrátt fyrir fagurgala um jöfnuð. Við munum gera grein fyrir þekktum fyrirmynnum að slíkri leiðréttingu og auk þess munu félagsmenn Eflingar hjá borginni veita innsýn í aðstæður sínar og kjör. Fundurinn verður haldinn klukkan 13:00 í lónó. Sent verður beint út af fundinum og hann opinn öllum.


Á þeim fundi vil ég bjóða þér að eiga viðræður við samninganefnd Eflingar. Efling mun í samræmi við þá afstöðu sem hér hefur verið lýst og í ljósi trúnaðarbrots Reykjavíkurborgar viðhafa fullt gagnsæi um allt sem fram fer á þeim fundi.

Ég óska þess að þú staðfestir móttöku á bréfi þessu og komu þína á umræddan fund.

Við erum hér. Við erum á leið í verkfall. Við munum berjast þangað til við höfum verið viðurkennd og okkur tryggt mannsæmandi viðurværi.

Borgin er í okkar höndum!

Virðingarfyllst,



Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar - stéttarfélags